

Fornleifaskráning á Þingeyri við Dýrafjörð, V-Ísafjarðarsýslu

Fornleifakönnun vegna fyrirhugaðrar breytingar á deiliskipulagi



Unnið fyrir Ísafjarðarbæ

Óskar Leifur Arnarsson
Ragnar Edvardsson

September 2007
NV nr. 13-07

Efnisyfirlit

<u>1. Inngangur</u>	2
<u>2. Markmið og aðferðir</u>	3
<u>Tilgangur fornleifaskráninga</u>	3
<u>Fornleifaskráning og aðferðir</u>	4
<u>3. Fornleifaskráning í landi Þingeyrar</u>	5
<u>Saga</u>	5
<u>Svæði 1:</u>	9
<u>Svæði 2:</u>	11
<u>4. Niðurstöður</u>	17
<u>Svæði 1:</u>	17
<u>Svæði 2:</u>	17
<u>5. Kort</u>	18
<u>6. Heimildaskrá</u>	20
<u>Munnlegar heimildir:</u>	21

Mynd 1. Forsíðumyndin sýnir þingbúðarústirnar sem eru norðan við frystihús Vísis. Í bakgrunni er Þingeyrarkirkja, séð til vesturs. Ljós. ÓLA.

1. Inngangur

Dagana 20.-21. ágúst fór fram fornleifakönnun vegna fyrirhugaðra framkvæmda og deiliskipulagsbreytingar á tveimur svæðum á Þingeyri við Dýrafjörð. Annars vegar svæðið norðan við frystihús Vísis (svæði 1) og hins vegar svæði fyrir 10 lóðir við norðvesturenda Hlíðargötu ofan við miðbæ og hafnarsvæði Þingeyrar (svæði 2). Aðkoma að svæðinu yrði frá Hlíðargötu. Bæði svæðin voru áður í landi Sanda.

Rannsóknin var unnin af Fornleifadeild Náttúrustofu Vestfjarða fyrir Ísafjarðarbæ. Vettvangsathugun gerði Óskar Leifur Arnarsson fornleifafræðingur, undir stjórn Ragnars Edvardssonar deildarstjóra Fornleifadeildar Náttúrustofu Vestfjarða. Skýrsluhöfundar vilja þakka öllum þeim sem aðstoðuðu á einhvern hátt.

Umrædd fornleifaskráning takmarkast við ofangreind skipulagssvæði. Ekki er um tæmandi upptalningu á fornleifum á jörðinni að ræða.



Mynd 2. Rústahóll 001, séð til austurs. Frystihúsið hægra megin á myndinni. Ljós. ÓLA.

2. Markmið og aðferðir

Tilgangur fornleifaskráninga

Í Þjóðminjalögum nr. 107/2001 segir að lögin eigi að tryggja eftir föngum verndun menningarsögulegra minja í eigin umhverfi og að íslenskum menningararfi verði skilað óspilltum til komandi kynslóða. Eins eiga lögin að auðvelda aðgang að minjunum, kynna þær þjóðinni og greiða fyrir rannsóknum. Þá er fornleifaskráning bundin skipulagsgerð skv. lögnum, en í 11. gr. segir: „Skylt er að fornleifaskráning fari fram áður en gengið er frá svæðisskipulagi, aðalskipulagi eða deiliskipulagi eða endurskoðun þess og skal sá sem ber ábyrgð á skipulagsgerð í samræmi við skipulagslög standa straum af kostnaði við skráninguna.“

Í 9. grein laganna eru fornleifar skilgreindar sem: „hvers kyns leifar fornra mannvirkja og annarra staðbundinna minja sem menn hafa gert eða mannaverk eru á, svo sem:

- a) búsetulandslag, byggðaleifar, bæjarstæði og bæjarleifar ásamt tilheyrandi mannvirkjum og öskuhaugum, húsaleifar hvers kyns, svo sem kirkna, bænahúsa, klaustra og búða, leifar af verbúðum, naustum, verslunarstöðum og byggðaleifar í hellum og skútum;
- b) vinnustaðir þar sem aflað var fanga, svo sem leifar af seljum, verstöðvum, bólum, mógröfum, kolagröfum og rauðablæstri;
- c) gömul tún- og akurgerði, áveitumannvirki og leifar eftir veiðar til sjávar og sveita;
- d) gamlir vegir, stíflur, brýr, vatnsvöð, varir, hafnir og bátalægi, slippir, ferjustaðir, kláfar, vörður og vitar og önnur vega- og siglingamerki ásamt kennileitum þeirra;
- e) virki og skansar og önnur varnarmannvirki;
- f) gamlir þingstaðir, meintir hörgar, hof og vé, brunnar, uppsprettur, álagablettir og aðrir staðir og kennileiti sem tengjast siðum, venjum, þjóðtrú eða þjóðsagnahefð;
- g) áletranir, myndir eða önnur verksummerki af manna völdum í hellum eða skútum, á klettum, klöppum eða jarðföstum steinum og minningarmörk í kirkjugörðum;
- h) haugar, dysjar og aðrir greftrunarstaðir úr heiðnum eða kristnum sið;
- i) skipsflök eða hlutar úr þeim.

Minjar 100 ára og eldri teljast til fornleifa, en heimilt er þó að friðlýsa yngri minjar, sbr. 11. gr.“

Í 10. grein Þjóðminjalaga segir enn fremur: „Fornleifum má enginn, hvorki landeigandi, ábúandi né nokkur annar, spilla, granda né breyta, ekki heldur hylja þær, laga né aflaga né úr stað flytja nema með leyfi Fornleifaverndar ríkisins.“

Þetta á við um allar fornleifar, óháð sérstakri friðlýsingu. Friðhelgi fornleifa er ekki háð því að þær séu þekktar eða hafi verið skráðar. Sú skylda hvílir á sveitarfélögum eða framkvæmdaaðilum að gera Fornleifavernd ríkisins viðvart ef fyrirsjáanlegt er að minjar

spillist vegna hvers konar framkvæmda eða breyttrar landnotkunar (sjá 12.gr.). Ef óþekktar fornleifar koma í ljós við jarðrask skal sá sem fyrir því stendur stöðva framkvæmdir á staðnum og þar til ákvörðun Fornleifaverndar ríkisins liggur fyrir varðandi hvort eða með hvaða skilyrðum framkvæmdin getur haldið áfram (sjá 13.gr.).

Eitt af markmiðum fornleifaskráningar er að koma í veg fyrir að minjar verði fyrir skemmdum af gáleysi eða nauðsynjalausu. Fornleifaskráning nýtist við minjavörslu þegar ákveða á verndun á einstökum minjastöðum. Eins kemur hún að miklum notum vegna fyrirhugaðra framkvæmda. Þá er hægt að taka tillit til minjanna við skipulagsgerð og nýta þær í rannsóknna eða kynningarskyni. Með fornleifaskráningu má einnig stórlega minnka líkur á að fornleifar komi óvænt í ljós við framkvæmdir sem gæti leitt til tafa á viðkomandi verki.

Fornleifaskráning og aðferðir

Við undirbúning voru fyrirbyggjandi heimildir athugaðar, s.s. jarðabækur, örnefnaskrár og fornrit. Fornleifaskráning á vettvangi var takmörkuð við það svæði sem verið er að deiliskipuleggja og var gengið skipulega um svæðið. Ekki má líta svo á að um tæmandi fornleifaskráningu á vettvangi sé að ræða

Hver sýsla hefur skammstafað heiti og hver jörð hefur tvö númer í fornleifaskránni. Númerin eru komin úr annars vegar landsskrá Fasteignamats ríkisins (d. Sandar: 181579) og hins vegar eins og það kemur fyrir í Jarðatal Johnsens frá 1847 (d. Sandar: 35). Síðan fær hver minjastaður raðnúmer í skránni (d. ÍS-181579-035:001). Sé jörð með landsnúmer en ekki númer í Jarðatali Johnsens, flokkast allar fornleifar á jörðinni undir landsnúmer jarðarinnar og númer þeirrar jarðar er fornleifarnar tilheyrðu við ritun jarðatalsins.

Í umfjöllun um hverja jörð fyrir sig er byrjað á að stikla á stóru um sögu hennar.

Síðan er hverjum minjastað fyrir sig er lýst á staðlaðan hátt. Fyrst kemur kennitala staðarins, sérheiti, tegund, hlutverk og GPS staðsetning í gráðum og mínútum. Næst koma lýsing á staðsetningu, aðstæður á minjastað, minjalýsing og að lokum upplýsingar um hættumat. Auk þess fylgja minjastöðum ljósmyndir og / eða teikningar eftir því sem við á.

Þingbúðaminjarnar voru mældar og stikaðar, en minjar í túninu við Hrosshól voru stikaðar eða GPS mældar.

3. Fornleifaskráning í landi Þingeyrar

Þar sem Þingeyri hefur hvorki sérstakt númer í Jarðatali Johnsens eða landskrá fasteigna fær hver minjastaður númer út frá hvaða jörð hann tilheyrði áður. Það land sem tilheyrir Þingeyri nú tilheyrði áður Söndum og Hvammi. Þau svæði sem um ræðir í þessari fornleifaskrá tilheyrðu áður jörðinni Söndum.

Saga

Elstu heimildir um búsetu á Þingeyri koma fram í Gísla sögu Súrssonar. Þar segir: „Hann [Vésteinn] er fluttr til Þingeyrar. Þar bjó þá maðr, er Þorvaldur gneisti hét. Vésteinn gengr þar til húss, ok lét Þorvaldr honum heimilan hest sinn.“¹

Þá er Þingeyrar getið í Sturlunga sögu í sambandi við sáttafund vegna dauða Hrafns Sveinbjarnarsonar á Eyri í Arnarfirði (Rafnseyri). „Þorvaldur [Snorrason í Vatnsfirði] sendi orð Kár munki Geirmundarsyni að hann skyldi leita um sættir við frændur Hrafns. Þá var settur sáttafundur þessa málaferla að ráði Þórðar Sturlusonar og Kárs munks á Þingeyri í Dýrafirði.“²

Landamerkjabréf milli Hvamms og Sanda er ritað 17. mars 1508. Þar gerðu Hjálmur Sveinsson, Sigurður Þormóðsson og Grímur Ólafsson kunngjört að: „Hwammur a land inn i surtarbacka og það gagnvart a fiall vpp enn ad vtan i gard þann sem geingur vr fiouru og gagnvart upp a sandafell firir vtan gras enn innan þingeyre.“ Þetta bréf er talið falsað.³

Annað landamerkjabréf milli Hvamms og Sanda er til með sömu dagsetningu (þ.e. 17. mars 1508) og er það bréf talið ófalsað. Þar gera sömu menn og áður getur kunngjört að: „Hwammur á land inn í Svartabacka. og þaðan gagnvart a fiall upp. Enn að utan i gard þann sem geingur ur fiöru. og gagnvart upp á Sandafell. fyrer utan gras enn innan Þingeyre.“⁴

Þingeyrar er svo getið 18. og 20. júlí 1525, í tengslum við: „Skiptabréf milli þeirrar Guðrúnar Björnsdóttur og Solveigar Bjarnadóttur, dóttur hennar, á peningum þeim, sem Solveig höfðu til erfa fallið eptir Bjorn Andrés�on föður sinn.“⁵

Í grein um verslunarstaðinn á Þingeyri í Ársriti Sögufélags Ísfirðinga segir að þingstaðaminjar á Þingeyri geti „að einhverju leyti verið um að ræða rústir fornra búða Hansaborgarkaupmanna, sem snemma á öldum ráku þar viðskipti og verzlun.“⁶

Í Grímsstaðaannál frá 1579 kemur fram að ræningjar hafi verið á ferð um Vestfirði. „Þessir ræningjar spurðu á Vatneyri, að Þýzkir væri á Þingeyri. Sendu þeir þeim boð um sitt stóra segl; þeir Þýzku gerðu boð aptur, að þeir skyldu fá nóg lóð og kruð [högl og púður]. Tóku ræningjar þá stóran tólfæring, er Eggert [Hannesson á Bæ á Rauðasandi] átti, og fóru sjóleiðis út fyrir og inn að Bíldudalseyri, vel útbúnir að verjum og vopnum.“⁷ Í bókinni Öldin sextánda segir að ræningjarnir hafi verið hollenskir hvalveiðimenn.⁸

¹ Gísla saga Súrssonar. 1946: 23.

² Sturlunga saga. 1988: 929.

³ D.I. Íslenskt fornbréfasafn, 8. bindi: 193-196.

⁴ D.I. Íslenskt fornbréfasafn, 12. bindi: 72.

⁵ D.I. Íslenskt fornbréfasafn, 9. bindi: 270-272.

⁶ Jóh. Gunnar Ólafsson. 1963: 89.

⁷ Annálar 1400-1800. 3. bindi: 463-464.

⁸ Öldin sextánda. 1551-1600: 147-148.

Þingeyri í Dýrafirði kemur fram í hafnarskrá Resens um yfirlit yfir hafnir á Íslandi á síðari hluta 16. aldar.⁹

Á seinni hluta 16. aldar er Þingeyri talin aðalhöfn Dýrafjarðar. Kaupsviðið var nyrðri Arnarfjarðarströnd, Dýrafjörður og Önundarfjörður. Verslunin á Þingeyri var oftast leigð út með Ísafirði (Skutulsfirði) á einokunartímanum og stundum var bara eitt skip látið nægja á ári á báðar hafnirnar.¹⁰

Skv. Eyrarannál árið 1660 „Kom Hendrik Jensson, danskur, með kongsbréf upp á kaupskaparhöndlun [...] og Dýrafirði, hvar hann 2 skip fragtaði,“¹¹ Árið 1665 segir í sama annál: „Var stolið úr dönsku búðum [Þingeyrabúðum] á Dýrafirði 72 v(ættum) og varð uppfýst. Var strýktur faðirinn og 2 hans synir, en móðir og dóttir með fégjaldi útleyst á Lækjarósi, er þennan stuld meðkenndust.“¹² Í sama annál árið 1666 kemur fram að Danskir hafi komið síðla hingað til lands vegna stríðs. Tvö skip komu á Dýrafjörð og Skutulsfjörð, en annað fórst er það ætlaði að sigla inn á Dýrafjörð.¹³ Þessa atburðar er einnig getið í Vatnsfjarðarannaál yngri.¹⁴ Árið 1679 kemur fram í Eyrarannál að Skutulsfjarðarkaupskip hafi strandað fyrir landi Alviðru á Dýrafirði „þá það lagði út af Þingeyrarhöfn, [...] nokkuð af góssinu náðist þó fordjarfað væri, sem flutt var inn á Þingeyri,“¹⁵ Í Eyrarannál 1690 segir að „Jurin varð kaupmaður á Þingeyri, [...] Lagðist öll Arnarfjarðarströnd norðan fram undir Þingeyrarkaupstað til kauphöndlunar.“¹⁶ Í sama annál árið 1694 kemur fram að „hafis mikill var á rekið kringum Ísland, svo norðankaupför komust ei til sinna hafna, hvar fyrir Húsavíkur(skip) lagði inn á Dýrafjörð á Þingeyri og lágu þar nær viku, hvar þeir á land lögðu 2 íslenzka studiosos.“¹⁷ Á nokkrum öðrum stöðum í annálum er getið um að menn hafi farið um Þingeyrar höfn á ferðum sínum til eða frá landi og fengið far með skipum sem sigldu þangað.¹⁸

Í Fitjaannáli er Dýrafjarðarhöfn (Þingeyri) nefnd tvívegis í sambandi við úthlutun hafna til umboðsmanna konungs. „Þann 15. Februarí [1706] voru Íslandshafnir af vissum riðurum forpaktaðar fyrir árlega afgipt í 9 ár [...] Dýrafjörður fyrir 565 rd.“¹⁹ „Þann 16. og 23. Januarí [1715] voru Íslandshafnir af vissum riðurum forpaktaðar upp á sex ár, [...] Dýrafjörður fyrir 400 rd.“²⁰

Víða er getið um menn í annálum sem ferðuðust um Dýrafjarðarhöfn (Þingeyri) á leið til eða frá landinu.

Í Jarðabók Á.M og P.V., frá 1710, segir: „Sandar [...] Þingeyre heitir hjer í landinu við Dýrafjörð, þar sem kaupstaðurinn stendur. þar hefur nálægt kaupmanns búðunum fyrir vel xx árum lítið bæjarkorn verið uppbyggt af kaupmannsins forlagi, til þess að sá sem byggði vaktaði búðirnar, og fylgdi þá hjer engin grasnautn og lítil enn nú, og má þetta heldur heita tómthús en hjáleiga. [...] Stadartun heitir eitt örnefni hjer í landinu fyrir neðan staðinn að sjónum á leiðina, sem munnmæli segja að staðurinn hafi í fyrndinni staðið, og sjest þar nú

⁹ Kristian Kálund. 4. bindi, 1986: 131-132.

¹⁰ Jón J. Aðils. 1919: 285.

¹¹ Annálar 1400-1800. 3. bindi: 269.

¹² Annálar 1400-1800. 3. bindi: 273.

¹³ Annálar 1400-1800. 3. bindi: 273.

¹⁴ Annálar 1400-1800. 3. bindi: 140-141.

¹⁵ Annálar 1400-1800. 3. bindi: 311.

¹⁶ Annálar 1400-1800. 3. bindi: 361-362.

¹⁷ Annálar 1400-1800. 3. bindi: 372.

¹⁸ Annálar 1400-1800. 1. bindi: 237 og 268. 3. bindi: 140 og 173.

¹⁹ Annálar 1400-1800. 2. bindi: 364.

²⁰ Annálar 1400-1800. 2. bindi: 395.

deili til litra tóftarústa, en ekki svo mikla, að hjer hafi nokkurn tíma verið stórhýst, og ætla margir að þetta muni ei annað vera en munnmæli.²¹

Í neðanmáls grein í bókinni Íslenskir sögustaðir er vitnað í bréf frá Árna Magnússyni til Hjalta prófests Þorsteinssonar í Vatnsfirði frá 1727 að á Þingeyri séu um 40 búðatóftir og að áreiðanlega séu margar þeirra þingbúðir.²²

Árið 1774 fór fram virðingargerð á húsum verslunarinnar á Þingeyri. Þar eru talin upp eftirfarandi hús:

1. „Krambúð byggð 1757. Í þessu húsi voru sölubúð og svefnklefi með einu rúmi á neðri hæð, en á loftinu eldhús, svefnherbergi og vörugeymsla.
2. Pakkhús (vörugeymsla) byggt árið 1735, að stærð 18½ x 10½ alin.
3. Beykishús, fúid.
4. Torfhús byggt 1772.²³

Ólafur Olavíus, sem ferðaðist um Ísland 1775-7, segir frá því í ferðabók sinni að hjá verslunarstaðnum Þingeyri séu leifar fornra akra. „Þar virðist akuryrkjan alls ekki hafa verið svo lítils háttar, nema ef akurreinarnar eru aðeins leifar endurtekinnna tilrauna. Sagt er, að verslunarstaðurinn hafi verið innar við fjörðinn en á Þingeyri, meðan Þjóðverjar eða Hansakaupmenn verzludu hér, og þá norðanvert við fjörðinn; heitir þar Valseyri og sjást þar enn húsatóttir.“ Ólafur minnst þó ekkert á þingbúðatóftir²⁴

Kristian Kálund ferðaðist um Dýrafjörð í byrjun ágúst 1874.²⁵ Þingeyri lýsir hann svo: „Margar tóftir af ýmsu tagi ná yfir innri hluta af Þingeyranesi fyrir suðvestan kaupúnið og að nokkru í túni bæjarins og eru taldar búðatóftir. Þrjár eða fjórar þeirra virðast mjög gamlar, lágar, sokknar niður í óræktaða jörð („í mó komnar“) aflangar ferhyrndar tóftir 6-7 faðma langar. Aðrar eru mjög háar með margra álna háum grasi grónum veggjum og virðast tæplega geta verið mjög gamlar, sumar þeirra eru þar að auki afar stórar. Þar er aflangur hóll eða blettur lítið eitt upphækkaður, reglulega afmarkaður frá landinu í kring, talsvert stór og er talinn vera dómsstaðurinn (dómhringur, lögrétta), og í miðjunni, þar sem nú er útihússtóft, er talið að sætin hafi verið. Rétt þar fyrir austan er stærsta tóftin, ný að sjá, en er eignuð Hrafni Sveinbjarnarsyni, sennilega vegna stærðarinnar.“²⁶

Í sóknarlýsingum frá miðri 19. öld segir Síra Bjarni Gíslason um Þingeyri „Stendur norðan undir Sandafelli við Dýrafjörð. Þetta er Sandabeneficii hjáleiga, metin eftir mælingu að vera 5 Hdr., nú þó ekkert fullkomið skilríki fyrir því. Þar er slétt tún og gott eftir stærð, en aðrir landkostir litlir.“²⁷ „Kaupún Dýrafjörður. Þar eru 7 manns, 1 kaupmaður, og engir búa þar fleiri. Engin eru þar hróf, ekkert steinhús, 4 timburhús eru þar og 5 torfhús. 1 af 4 er fiskitökuhús, og hin fimm áður nefndu liggja undir kaupstaðinn.“²⁸

Í rannsóknarferð sinni um Vestfirði árið 1882 kom Sigurður Vigfússon við á Þingeyri og mældi upp sjáanlegar rústir.

²¹ Jarðabók Á.M. og P.V. 7. bindi: 49.

²² Kristian Kálund. 2. bindi, 1985: 175.

²³ Jóh. Gunnar Ólafsson. 1963: 90.

²⁴ Ólafur Olavíus. Ferðabók. I.: 146.

²⁵ Kristian Kálund. 1. bindi, 1984: xix.

²⁶ Kristian Kálund. 2. bindi, 1985: 174-175.

²⁷ Sóknarlýsingar Vestfjarða. 2: 56.

²⁸ Sóknarlýsingar Vestfjarða. 2: 60-61.

„*Friðjudaginn 25. júlí* mældi eg búðatóttirnar á Þingeyri. Efsta og insta *tóttin* upp undan verzlunarstaðnum er litil og óglögg. Hún er 20 fet á lengd, og snýr út og inn; dyr hafa verið á gaflinum, og eru þó óglöggar. Rétt þar fyrir neðan er önnur *tótt*, sem snýr eins; hún er með þykkum veggjum, og er 58 fet á lengd og 22 fet á breidd; hún er með útbyggingu við hliðarvegginn, er snýr að fjallinu; dyr hafa verið á hliðarveggnum, er snýr að sjónum, enn verða ekki frekar ákveðnar, því fleiri skörð eru í vegginn; innri partur tóttarinnar er allr hærri. Önnur *tótt* sýnist hafa verið hlaðin þvers um við efri endann á þessari *tótt*; millumveggurinn er hinn sami fyrir báðar; dyrnar snúa að fjallinu, út úr endanum. Rétt fyrir utan er önnur *tótt*, sem snýr út og inn; hún er 40 fet á lengd, og 21 fet á breidd; dyrnar eru eigi glöggvar, enn munu hafa verið á neðri hliðvegg, því innan í tóttina miðja hefir verið hlaðin önnur *tótt*, sem er auðsjáanlega yngri; lítill útbygging sýnist hafa verið við innra horn neðri hliðveggjar. Þar fyrir ofan er önnur *tótt*, sem snýr eins; hún er 39 fet á lengd og 19 fet á breidd. Þessi *tótt* er lægri, og að því leyti óreglulegri, svo dyrnar sjást ekki glögt. Beint út undan er *tótt*; hún er stærri enn hin, snýr eins, og er 46 fet á lengd, og 23 fet á breidd; dyr sýnast hafa verið úr efra hliðvegg nær ytra horni. Þar fyrir ofan kemr *tótt*, lág og óglögg, snýr eins; hún er 45 fet á lengd og 22 fet á breidd; dyr hafa verið á efra hliðvegg miðjum, enn eru óglöggar. Þar fyrir ofan mun hafa verið *tótt*, enn líkist nú meir aflangri upphækkun, því engin laut er í miðjuna; hún er, að því séð verður, 49 fet á lengd, og 25 fet á breidd, snýr sem hinar. Fyrir neðan þetta, nær sjónum, er *tótt*, sem snýr eins; hún er 40 fet á lengd og 23 fet á breidd; dyr á miðjum neðri hliðvegg; við efri vegginn, nær ytri enda, er litill útbygging; gaflöðin á þessari *tótt* eru há, og sýnast jafnvel vera yngri enn sú upprunalega *tótt*, með því þau eru hlaðin innar. Fyrir utan þessar síðast nefndu tóttir er önnur *tótt*, og snýr eins; hún er 50 fet á lengd, 25 fet á breidd; dyr á miðjum neðra hliðvegg, enn litill útbygging við hinn efri; í innri enda tóttarinnar sýnist vera sem afhús, og dyr út í aðalhúsið; veggir þessarar tóttar eru ákaflega digrir. Þar fyrir ofan og utan er *tótt*, sem snýr eins; hún er 52 fet á lengd og 27 fet á breidd; dyr á neðri hliðvegg, enn litill og óregluleg útbygging við hinn efra; innri endi tóttarinnar er óglöggr, því hann er eins og fyltr upp. Fyrir ofan og utan þessa *tótt* getr hafa verið önnur, er mun hafa snúið eins, hún er að öllu óglögg, og líkist upphækkun eða bala. Þar fyrir utan er hærri upphækkun; þetta verður ekki mælt, enn geta skal þess, að að neðan verðu er þessi upphækkun sem þráðbein hleðsla mjög löng, og snýr út og inn; í ytri enda þessarar stóru upphækkunar sýnist vera hleðsla; þetta get eg ekki talið með tóttum, Fyrir innan og neðan þetta síðastnefnda er *tótt*, sem snýr eins; hún er 45 fet á lengd og 21 fet á breidd; dyr úr miðjum efra hliðavegg; í ytri endann sýnist vera lítill afkimi síðar hlaðinn. Við enda þessarar tóttar, með litlu millibili, kemr sú stærsta *tótt*, sem er á Þingeyri, og snýr eins og hinar; veggir ákaflega digrir; lengd þessarar tóttar er 72 fet, breidd 28 fet; dyr út úr efra hliðvegg, nær innri enda. Fyrir ofan þessa *tótt* er önnur *tótt*, og snýr eins, eða jafnhliða hinni; hún er 44 fet á lengd og 20 fet á breidd; dyr sýnast hafa verið á efra hliðvegg, nær ytri enda; hún er lægri að veggjum enn flestar hinar. Beint út undan þessari *tótt*, með nokkuru millibili, er *tótt*; hún er 49 fet á lengd, enn 26 fet á breidd; snýr eins og hinar; við neðri hliðvegg, við ytri enda, er litill útbygging; dyr óglöggar, enn munu hafa verið á efra hliðvegg, enn hvar, verður eigi með vissu séð; þessi *tótt* er í enda ræktaða túnsins. Við innri enda þessarar tóttar hefir síðar verið bygðr kofi, sem nú er orðinn að *tótt*; hann hefir snúið þvers um, og hefir gaflað gömlu tóttarinnar verð haft fyrir annan hliðvegginn. Fyrir ofan og utan þessa *tótt* er enn *tótt*, og snýr eins og þær fyrtöldu; hún er 51 fet á lengd, og 23 fet á breidd; dyr á neðri hliðvegg nær ytri enda; *tóttin* er lág að veggjum. Nokkra faðma fyrir neðan þessa *tótt* kemr enn *tótt*, sem snýr eins, enn þetta munu vera 2 tóttir hvor við endann á annari, og sama gaflaðið undir báðum; lengd allrar tóttarinnar 64 fet, og breidd 20 fet; dyr óglöggvar, með því *tóttin* öll er orðin lág. Þessi *tótt* er sú yzta á Þingeyri. Fyrir neðan alla þessa tóttar-þyrpingu á Þingeyri, og nær undan henni miðri, er seinna bygðr litill kálgarðr; út undan ytri og neðri enda hans hefir verið litill *girðing*, sem sýnist hafa verið kringlótt, enn innri parturinn af henni er þó undir kálgarðinum; hefir hann verið bygðr ofan á hana; þvermál þessarar *girðingar* verður þó nokkurn veginn séð, og hefir það verið nær 23 fet; veggir eru lágir og mjóir, að því er séð verður. Fyrir utan þetta hringmyndaða mannvirki eru miklar tóttarústir margar saman, og snúa upp og ofan; veggir eru ákaflega þykkir, og í miðjunni líkist það meira, eins og það nú lítur út, hrygg eða aflöngum hól lágum. Þetta held eg sé fornar bæjarrústir, og að hér hafi jafnvel staðið hinn forni bær, sem sagan talar um, og getr hann hafa staðið hér lengi fram eftir. Heimar á eyrinni, í túninu fyrir utan og ofan verzlunarhúsin, enn fyrir neðan tóttirnar, eru og aðrar miklar rústir, enn þær eru yngri enn hinar, og tóttirnar smærri, og snúa bæði

langsetis og þvers um; ytri endi þessara tótta myndar sem hól, sem eg helda að sé gamall öskuhaugr. Als fann eg á Þingeyri 17 eða 18 tóttir eða mannvirki, sem líta út fyrir að vera einhverskonar búðatóttir. Mál á öllum þessum tóttum er utanmál, þannig að mælt er út fyrir miðja vegg, og gert fyrir því, sem þeir kunna að hafa fallið út. Þannig mæli eg jafnan.²⁹

Um þann fjölda búðatófta sem Árni Magnússon taldi sig sjá, segir Sigurður Vigfússon: sk., „Ekki veit eg hvar allr sá tóttafjöldi á að hafa verið á Þingeyri, enn það er líklegt, að Árni hafi talið með allar þær tóttir, sem eg held sé bæjartóttir eða þesskonar, og þá talið hverja tótt útaf fyrir sig, þó þær væri margar samfastar.“³⁰

Skv. skjali sem Matthías Þórðarson Þjóðminjavörður undirritaði 27. júní 1929 lét hann friðlýsa „*Þingeyrar-Þingstaður, búðatóftir fornar og aðrar rústir og fornleifar þar.*“ Skjalinu var þinglýst 11. júlí 1929.³¹

Í skýrslu um Þjóðminjasafnið 1973 kemur fram að Þjóðminjavörður [Þór Magnússon] hafi m.a. ferðast um Vestfirði og á Þingeyri hafi hann „rætt við sveitarstjórnann um þingbúðarústirnar, sem alltaf kreppir meira og meira að, og reynt að finna lausn þeirra mála.“³²

Svæði 1:

Vísir h.f. hefur sótt um leyfi til að búa til 20 m bílaplan út frá allri norður hlið fiskvinnsluhússins að Hafnarstræti 9, Þingeyri.

Umrætt svæði er hluti af túni sem hefur að geyma friðlýstar fornleifar, sem taldar eru vera minjar um Þingeyrar-Þing. Í gegnum tíðina hefur sífellt þrengst að þessum minjum og hefur frystihúsið, ásamt steypnum plönnum verið byggt ofan í Þingstaðinn að austanverðu. Sjást merki þess á sumum stöðum hvar rústir liggja undir steyp plan við vestur hlið hússins.

Við norður hlið hússins eru um 6-7 m frá húsi út að stórum rústahól sem þar er. Skv. 11. gr. Þjóðminjalaga „skal fylgja 20 metra friðhelgað svæði út frá ystu sýnilegu mörkum fornleifa og umhverfis“³³ Nú þegar hefur trjám verið plantað alveg upp við þessar minjar og að sögn heimamanna, líklega gert til að vernda minjarnar fyrir umferð ökutækja.

Tengiliður vegna framkvæmda við frystihúsið er Björn Björgvinsson, smiður. Hann útskýrði óskir Vísis um plan við húsið nánar. Þar sagði hann að núverandi umsókn fælist í plani fyrir gáma. Sótt væri um plan sem yrði áframhald á núverandi plani við norður hlið frystihússins (svæði A). Það plan nær frá austur horni og hálfu leið meðfram norður hlið húsinu. Ljóst er að þessi stækkun myndi fara utan í rústina sem er fyrir norðan frystihúsið.

Til vara sagði Björn að óskað væri eftir plani sem afmarkaðist af núverandi plani norðan við frystihúsið að sunnan verðu, Hafnarstræti að vestan, Kirkjugötu norðan og trjábeði við rústahólinn (svæði B). Þetta svæði er mikið raskað og þyrfti einungis að jarðvegsskipta þeim hluta sem er liggur upp að trjábeðinu. Í þeim hluta er þó gömul aflögð kaldavatnsborhola og líklega vatnslagnir neðanjarðar.

Svo sagði Björn að ósk Vísis væri að fá alla vega 2 m breitt plan meðfram þeim hluta frystihússins sem jarðvegur og gróður liggur upp að og er við hálfu norður hliðina og fyrir

²⁹ Árbók fornleifafélagsins 1883: 34-36.

³⁰ Árbók fornleifafélagsins 1883: 36 (neðanmál).

³¹ Skrá um friðlýstar fornleifar. 1990.

³² Árbók hins íslenska fornleifafélags. 1974: 161-162.

³³ *Þjóðminjalög* nr. 107, 31. maí 2001.

norðvestur horn hússins (svæði C). Þetta væri vegna heilbrigðisreglna fyrir fyrirtæki í matvælaíðnaði og sagði hann að frystihús Vísis væri rekið á undanþágu vegna þessa grasi vaxna svæðis. Þetta svæði er líklega mikið raskað vegna framkvæmda þegar grunnur hússins var grafinn. Þó sagðist Björn hafa heyrt að norðvestur horn hússins hefði lent yfir eða utan í einni tóft. Þar sést í dag smá upphækkun, sem gæti verið leifar af tóft eða jarðvegsfylling út frá planinu sem liggur með vestur hlið hússins.

Að lokum sagði Björn að óskastaðan hjá Vísi væri að fá plan sem tengdi plönin við norður og vestur hlið hússins og væri jafn breitt þeim, þannig að það væri lyftara fært (svæði D). Þessi stækkun myndi rekast í stóru tóftina sem er framan við norður hlið hússins. Auk þess yrði hún innan 20 m friðhelgs svæðis frá öðrum tóftum í túninu og gæti raskað mögulegri tóft við norðvestur horn frystihússins.³⁴



Mynd 3. Þingbúðir á Þingeyri, horft til norðausturs. Myndin er af bls.11, úr ritinu *Þinghald til forna*. FSÍ, Adolf Friðriksson o.fl. Rauði ramminn er utan um skipulagssvæðið fyrir norðan frystihúsið.

³⁴ Björn Björgvinsson. Munnleg heimild, ágúst 2007.

ÍS-181579-035: 001 Þingeyri tóft þingstaður 65°52'45.3N - 23°29'30.4V

Staðhættir: „Þingeyri er oddmyndaður, láglandur tangi sem gengur til norðurs fram í Dýrafjörð. Á honum eru margar búðarústir og ýmsar fornar minjar.“³⁵ Stór og mikill rústahóll í grasi grónu túni, 6-7 m norðan við frystihús Vísi, umkringd af trjábeði. Svæðið umhverfis rústahólinn er raskað á 3 vegu; að norðan er Kirkjugata, að austan er gömul aflögð kaldavatnsborhola og mögulega lagnir og að sunnan er frystihúsbyggingin. Vestan við rústahólinn, milli hans og kirkjunnar, er tún með fjölda rústa meintra þingbúða.

Minjalýsing: Stór og mikill rústahóll, áberandi stærri og hærri en aðrir hólar í túninu. Rústin er mest um 30 x 24 m að stærð að utanmáli og hæð veggja allt að 2 m. Tvö um 12 metra löng rými að innanmáli, sem liggja í austur – vestur. Út úr nyrðra rýminu eru alla veganna 1 ef ekki 2 bakrúmi sem liggja til norðurs.

Hættumat: Mikil hætta. Vegna framkvæmda og rasks.

ÍS-181579-035: 002 Þingeyri heimild þingstaður 65°52'44.9N - 23°29'31.2V

Staðhættir: „Þingeyri er oddmyndaður, láglandur tangi sem gengur til norðurs fram í Dýrafjörð. Á honum eru margar búðarústir og ýmsar fornar minjar.“³⁶ Umræddur staður er fast við norðvestur horn frystihúss Vísis. Um er að ræða dálitla upphækkun í landslaginu. Um minjar gæti verið að ræða, en eins gæti verið um jarðvegsfyllingu út frá steypu plani meðfram vestur hlið frystihússins.

Minjalýsing: Björn Björgvinsson hefur heyrt heimamenn tala um að þegar norðvestur hluti byggingarinnar var reistur fyrir um 30 árum, hafi norðvestur horn hennar lent yfir eða í einni af þingbúðarústunum. Þarna er jörðin hærri meðfram vesturhlið hússins en hún er fyrir framan norður hliðina.³⁷

Hættumat: Mikil hætta. Vegna framkvæmda og rasks.

Svæði 2:

Markmið fyrirhugaðs skipulagssvæðis við norðvestur enda Hlíðargötu er að skapa svæði fyrir 10 lóðir undir útleiguhús fyrir ferðapjónustu. Svæðið sem um ræðir er um 200 x 100 m. Tvær nyrstu lóðirnar (næst uppistandandi útihúsi) norðan við lækjarfarveg eru í sléttuðu túni og þar sér ekki fyrir minjum á yfirborði. Þó er alltaf möguleiki að þær leynist undir sverði. Umrætt skipulagssvæði er staðsett á svæði sem heitir Hrosshóll og er í hallandi hlið til austurs, undir Sandafelli. „Utantil og ofan við Laufás er ræktað stykki í hliðinni, sem kallað er Hrosshóll. Mun það draga nafn af því, að Guðmundur Einarsson, sem var símsstjóri á Þingeyri fyrir og eftir 1930, byggði þar hesthús.“³⁸

Heimildarmaður, Þórir Örn, telur að svæðið sem um ræðir hafi farið að byggjast þegar fólksfjöldi og byggð á Þingeyri fór að þéttast á seinni hluta 19. aldar (um 1880). Eitthvað af útihúsum stóð þarna fram yfir miðja 20. öld. Tótmúsmenn hafa haft einhvern bústofn, hús og tún fyrir hann. Þó verður ekki hægt að útiloka að eldri minjar leynist undir.³⁹

³⁵ Ö-Þingeyri (A.G.): 1.

³⁶ Ö-Þingeyri (A.G.): 1.

³⁷ Björn Björgvinsson. Munnleg heimild, ágúst 2007.

³⁸ Ö-Þingeyri (G.F.M.):5.

³⁹ Þórir Örn Guðmundsson. Munnleg heimild, ágúst 2007.

ÍS-181579-035: 003 tóft útihús / óþekkt 65°52'32.7N - 23°29'34.0V

Staðhættir: Rústin er um 50 m norðan við Hlíðargötu 20, staðsett í grasi grónu túni sem er komið í órækt. Túnið hallar til austurs, niður að sjó.

Minjalýsing: Að utanmáli er rústin er um 11 x 10 m að stærð (stíkað) og með um 30 cm hleðsluhæð. Byggingin hefur verið grafin inn í brekkuna að ofan verðu (til vesturs). Sú hlið er nokkuð hrunin inn í rústina. Austur hlið (neðri veggur) er nokkuð greinilegur og hleðslur að innan á norður hlið. Við norðvestur hornið eru einhverjar grjóthleðslur. H.y.s.: 43 m.

Hættumat: Mikil hættu. Vegna framkvæmda.



Mynd 4. Tóft 003 séð til vesturs. Ljós. ÓLA.

ÍS-181579-035: 004 garðlag túngarður 65°52'33.7N - 23°29'41.7V

Staðhættir: Túngarðurinn er í óræktartúni, upp af leikskólanum á Þingeyri (Hlíðargötu 1). Meðfram honum liggur ljósleiðari á kafla. Um 10 m norðan við hann er Imba (huldufólksbústaður).

Minjalýsing: Túngarðurinn snýr austur – vestur og er um 200 m langur. Breidd veggjahruns er um 1 m og hleðsluhæð um 30 cm. Garðurinn er hlaðinn úr stóru grjóti, mikið sokkinn. Hægt er að fylgja garðinum frá vegslóða við vatnsból að ofan verðu og niður túnið. H.y.s.: 35-55 m.

Hættumat: Mikil hættu. Vegna framkvæmda.



Mynd 5. Túngarður 004 séð til austurs. (Vinstra megin á mynd sést Imba 006). Ljós. ÓLA.

ÍS-181579-035: 005 garðlag túngarður 65°52'34.7N - 23°29'43.2V

Staðhættir: Túngarðurinn er í óræktartúni, upp af leikskólanum á Þingeyri og um 50 m suður af fjárhúsi sem stendur skammt norðan við mörk skipulagssvæðisins. Garðurinn er ca. mitt á milli Imbu og áður nefnds fjárhús. Garðurinn er á suður brún gróins og áberandi lækjarfarvegs. Efri mörk garðsins eru við gegslóða.

Minjalýsing: Túngarðurinn snýr austur – vestur og er um 200 m langur. Breidd veggjahruns er um 30 cm og hleðsluhæð um 20 cm. Garðurinn er mjög mikið sokkin og ógreinilegur. H.y.s.: 40-55 m.

Hættumat: Mikil hættu. Vegna framkvæmda.

ÍS-181579-035: 006 Imba heimild huldufólksbústaður 65°52'35.0N - 23°29'39.0V

Staðhættir: „Utantil og ofan við Laufás er ræktað stykki í hlíðinni, sem kallað er Hrosshóll. [...] Stór steinn er í stykki þessu, sem heitir Imba eða Ingibjörg. Þar átti að vera huldufólksbústaður, og sást þar stundum ljósagangur. Eitt sinn var ákveðið að sprengja steininn, en þeim sem átti að bora varð ekki svefnsamt nóttina áður, og var því hætt við verkið. Ofan til við Hrosshól er klettur í hlíðinni, sem heitir Svenni. Steinar þessir munu draga nafn af systkinunum Sveini og Ingibjörgu Bergsbörnum, sem ólust upp á Þingeyri, f. 1875 og 1877, en þau léku sér oft við steina þessa.“⁴⁰

„Ofan við þorpið, nú í túni, er allstór steinn sem nefnist Imba. Þar er huldufólksbústaður, þar hefur sést ljósagangur. Eitt sinn var ákveðið að sprengja steininn, en þeim sem átti að bora varð ekki mjög svefnsamt áður, og var því hætt við þá framkvæmd.“⁴¹

Minjalýsing: Imba er stór og greinilegur steinn um 2 m hár sem stendur ca. mitt á milli Hlíðargötu 20 og fjárhús sem stendur skammt norðan við skipulagssvæðið. H.y.s.: 44 m.

Hættumat: Mikil hætta. Vegna framkvæmda.



Mynd 6. Imba 006 séð til suðurs. (Brúna húsið hægra megin á mynd er Hlíðargata 20). Ljós. ÓLA.

ÍS-181579-035: 007 garðlag túngarður 65°52'33.8N - 23°29'39.2V

Staðhættir: Túngarðurinn er í óræktartúni upp af leikskólanum á Þingeyri, um 22 m sunnar en 004.

Minjalýsing: Garðurinn liggur eins og hinir austur –vestur. Hann er um 60 m að lengd og mesta hleðsluhæð um 20 cm. Túngarðurinn er mikið sokkinn, en þó sjást steinar upp úr á stöku stað. H.y.s.: 40-55 m.

Hættumat: Mikil hætta. Vegna framkvæmda.



Mynd 7. Túngarður 007 séð til austurs. Ljós. ÓLA.

ÍS-181579-035: 008 tóft útihús 65°52'36.1N - 23°29'36.4V

Staðhættir: Tóftin er staðsett um 50 m vestur af leikskóla og 30 m austur af Imbu (006), í óræktar túni. Erfitt er að sjá tóftina vegna þess hversu vaxin hún er í kerfli.

⁴⁰ Ö-Þingeyri (G.F.M.):5.

⁴¹ Ö-Þingeyri (A.G.): 1.

Minjalýsing: Vestur hluti byggingarinnar hefur verið grafinn inn í hallandi túnbrekkuna til vesturs. Megin tóftin skiptist í 2 rými og er um 8,5 x 9,5 m að utanmáli. Svo er 1 lítið bakrými um 2 x 1 m. Steinhleðslur greinilegar og allt að 40 cm háar. Stöku járnplötur og spýtna brak sést inn í tóftinni og suðaustur hornið virðist vera steyppt að einhverju eða öllu leiti. Enginn greinilegur útgangur er sýnilegur. H.y.s.: 37 m.

Hættumat: Mikil hættu. Vegna framkvæmda.



Mynd 8. Tóft 008 séð til austurs. Imba (006) í baksýn. Ljósmynd ÓLA.

ÍS-181579-035: 009

tóft

útihús / óþekkt 65°52'35.6N - 23°29'35.6V

Staðhættir: Tóftin er í óræktartúni, um 10 m suður af 008, milli leikskólans og Imbu. Tóftin er vaxin kerflí að innan.

Minjalýsing: Vestur hluti byggingarinnar hefur verið grafinn inn í hallandi túnbrekkuna til vesturs. Hlaðinn veggur að austan og norðan með útgangi til norðurs. Að innanmáli er byggingin um 4 x 4 m. Hleðsluhæð allt að 60 cm. Við suðaustur hornið er stunginn kantur um 5 langur til austurs. H.y.s.: 30 m.

Hættumat: Mikil hættu. Vegna framkvæmda.



Mynd 9. Tóft 009 séð til suðurs. Hlíðargata 20 fyrir miðri mynd efst. Ljósmynd ÓLA.

ÍS-181579-035: 010

kantur

kálgarður

65°52'36.0N - 23°29'33.5V

Staðhættir: Staðsettur í hallandi túnfæti um 30 m vestan við leikskólann, milli hans og Imbu.

Minjalýsing: Upphlaðinn kálgarður / pallur, um 9 x 3 m, í hallandi brekku, vaxinn rabbabara. Snýr norður – suður. Við suður mörk garðsins er niðurgrafinn gilskorningur og norður bakki hans er upphlaðinn í att að suður mörkum 009. Sunnan við gilskorninginn, áfram í túnfætinum er rabbabaragarður sem snýr eins, en í meiri órækt. H.y.s.: 26 m.

Hættumat: Mikil hættu. Vegna framkvæmda.



Mynd 10. Tóft 010 séð til norðurs. Ljósmynd ÓLA.

ÍS-181579-035: 011

tóft

útihús / óþekkt 65°52'35.0N - 23°29'33.8V

Staðhættir: Tóftin er í óræktartúni, um 50 m. upp (vestur) af leikskólanum. Á þessu svæði er tónið nokkuð mishæðótt.

Minjalýsing: Upphlaðin mjög greinileg grasi gróin torfbygging með dyr til austurs. Innanmál er um 2 x 2 m en utanmál um 5 x 6 m. og hleðsluhæð allt að 1,5 m. Út frá norðvestur horni er hlaðinn veggur (snýr norður – suður) um 8 m langur og nær að gilskorningi. H.y.s.: 30 m.

Hættumat: Mikil hætta. Vegna framkvæmda.



Mynd 11. Tóft 011 séð til suðurs. Ljós. ÓLA.

ÍS-181579-035: 012

tóft

útihús / óþekkt 65°52'34.8N - 23°29'34.0V

Staðhættir: Tóftin er í óræktartúni, um 60 m. upp (vestur) af leikskólanum og 10 m. suðvestur af 011.

Minjalýsing: Vestur hluti byggingarinnar hefur verið grafin inn í hallandi túnbrekkuna, með hlaðna vegg á norður, suður og austur hæð. Nokkuð sigin um hringlaga tóft og stærð um 7 x 7 m. að utanmáli með mest 1 m. veggjahæð á austur hlið. H.y.s.:30 m.

Hættumat: Mikil hætta. Vegna framkvæmda.



Mynd 12. Tóft 012 séð til norðausturs. 011 í baksýn. Ljós. ÓLA.

ÍS-181579-035: 013

tóft

útihús / óþekkt 65°52'34.4N - 23°29'35.8V

Staðhættir: Tóftin er mosa og lyngi vaxin og er í óræktartúni, um 20 m. vestur af 012.

Minjalýsing: Grjóthlaðin skeifulaga bygging um 4 x 5 m að utanmáli og allt að 40 cm hleðsluhæð. Op til austurs. H.y.s.: 37 m.

Hættumat: Mikil hætta. Vegna framkvæmda.



Mynd 13. Tóft 013 séð til norðurs. Ljós. ÓLA.

ÍS-181579-035: 014

2 tóftir

útihús / óþekkt 65°52'33.5N - 23°29'33.6V

Staðhættir: Tóftin er í óræktartúni, um 50 m. norður af Hlíðargötu 20 og 10 m. austur af 003.

Minjalýsing: Um tvær tóftir er að ræða með um 7 m. millibili. Mögulega eru minjar á milli þeirra en það svæði er þéttvaxið kerfli og mögulega raskað. Tóft A (efri tóftin) hefur verið raskað að um hálfu leiti vegna nýlegrar lagningar á kaldvatnsleiðslu frá vatnsbóli og niður í bæ. Vestur hluti byggingar A hefur verið grafinn inn í hallandi túnbrekkuna. Norður veggurinn stendur óraskaður, en austur veggurinn er hruninn niður til austurs. Veggjahæð mest um 1,5 m. H.y.s.: 35 m.

Um 8 m. austur af A er niðurgrafin tóft B með norður og suður vegg en opin til austurs. Stærð hennar er um 6 x 6,5 m. að utarmáli. Inn í tóftinni vex rabbabari.

Hættumat: Mikil hætta. Vegna framkvæmda / rasks.



Mynd 14. Tóft 014 B séð til vesturs. Ljós. ÓLA.

ÍS-181579-035: 015

Stúkuhús

mannvirki

bústaður

65°52'44.9N - 23°29'31.2V

Staðhættir: „Utan til við húsið við Fjarðargötu 28 stóð hús, sem kallað var Stúkuhús eða Templarahús. Það var fyrsta samkomuhús á Þingeyri og dró nafn af samtökum þeim er reistu það. Hús þetta var lengi rauðmálað og á seinni árum oft kallað Rauðahús. Það hefur nú verið rífið.“⁴²

Þórir Örn telur að húsið hafi verið byggt einhvern tíman um aldamótin 1900. Það þjónaði seinast sem skátahús. Það var rífið á tímabilinu 1960-70.⁴³

Minjalýsing: Steinhlaðinn grunnur með steyptri gólfplötu ofan á. Flöturinn er um 7 x 7 m. og hleðsluhæð allt að 50 cm. Á grunninum stendur um 2 m. hár steinn upp á endann.

Hættumat: Mikil hætta. Vegna framkvæmda / rasks.



Mynd 15. 015 séð til vesturs. Ljós. ÓLA.

ÍS-181579-035: 016

garðlag

kálgarður / óþekkt

65°52'34.1N - 23°29'33.8V

Staðhættir: Staðsett í kerfils og grasi vöxnu óræktartúni, norðaustur af 014 A. Vegna kerfils er svæðið nokkuð ógreinilegt.

Minjalýsing: Ferstrend garðhleðsla sem liggur út frá norðvestur horni 014 A. Stærð um 16 x 20 m. og með allt að 50 cm veggjahæð. Mögulega er um að ræða kálgarð, aðhald eða jafnvel lóð byggingar sem hefur verið rífin. H.y.s.: 33 m.

Hættumat: Mikil hætta. Vegna framkvæmda.

⁴² Ö-Þingeyri (G.F.M.): 3.

⁴³ Þórir Örn Guðmundsson. Munnleg heimild, ágúst 2007.

4. Niðurstöður

Alls voru skráðir 16 minjastaðir á tveim svæðum á Þingeyri (svæði 1 og svæði 2). Svæði 1 er við fiskvinnslu Vísis, Hafnarstræti 9. Svæði 2 er við norðurvestur enda Hlíðargötu.

Svæði 1:

Á svæði 1 er um einstakar minjar að ræða í þéttbýli á Íslandi, friðlýstar búðatóftir Þingeyrar-þingstaðs.

Sótt hefur verið um leyfi til að steypa plan með tilheyrandi jarðraski norðan við frystihús Vísis, Hafnarstræti 9. Einn stór rústahóll (001) er 6-7 m norðan við frystihús Vísis og er hann á fyrirhuguðu framkvæmdasvæði. Er hann áberandi stærstur af þeim búðatóftum sem eru þarna í túninu. Eins er möguleiki skv. sögusögn að minjar geti verið við norðvestur horn frystihússins (002).


Svæði 2:

14 minjastaðir fundust á svæði 2 sem tengjast deiliskipulagstillögu vegna 10 lóða undir leiguhúsnæði við Hlíðargötu. Líklega eru þær minjar sem fundust frá seinni hluta 19. aldar, frá þeim tíma þegar byggð fór að aukast og þéttast á Þingeyri. En það er alltaf möguleiki á að eldri minjar leynist undir grassverði. Um er að ræða 3 túngarða, 7 útihús, 2 kálgarða, 1 stað tengdum þjóðtrú og 1 húsgrunn húss sem var byggt um aldamótin 1900. Allar þessar minjar eru í mikilli hættu vegna framkvæmdanna.

5. Kort.



Staðsetning reits á staðfestu aðalskipulagi. Mkv. 1/5000



Tillaga að deiliskipulagi. Mkv. 1/1000 (A2)



Minjastaðir á skipulagssvæðum.

6. Heimildaskrá

Adolf Friðriksson, Garðar Guðmundsson og Howell M. Roberts. Þinghald til forna. Framvinduskýrsla 2002. FS183-02141. Fornleifastofnun Íslands. Reykjavík, 2002.

Annálar 1400-1800. 2. bindi. Hið íslenska bókmenntafélag. Reykjavík, 1927-1932.

Annálar 1400-1800. 3. bindi. Hið íslenska bókmenntafélag. Reykjavík, 1933-1938.

Árni Magnússon og Páll Vídalín. 1921. *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns. VII. bindi.* Hið íslenska fræðafélag, Kaupmannahöfn. Sögufélagið, Reykjavík: Ljósprentuð útgáfa 1984.

Árbók Hins íslenska fornleifafélags. 1883. *Rannsókn um Vestfirði 1882, einkannlega í samanburði við Gísla Súrssonar sögu.* Sigurður Vigfússon. Reykjavík, 1884.

Árbók Hins íslenska fornleifafélags. 1974. *Skýrsla um Þjóðminjasafnið 1973.* Þór Magnússon. Reykjavík, 1975.

Ársrit Sögufélags Ísfirðinga. 8. ár. Jóh. Gunnar Ólafsson og Kristján Jónsson, ritstj. *Verzlunarstaður á Þingeyri og húsakostur þar.* Jóh. Gunnar Ólafsson. Ísafirði, 1963.

Diplomatarium Islandicum. Íslenzkt fornbréfasafn, sem hefir inni að halda bréf og gjörninga, dóma og máldaga og aðrar skrár, er snerta Ísland eða íslenska menn. 1. bindi. 834-1264. Hið íslenska bókmenntafélag, Kaupmannahöfn, 1857-1876.

Diplomatarium Islandicum. Íslenzkt fornbréfasafn. 8. bindi. 1261-1521. Hið íslenska bókmenntafélag, Reykjavík, 1906-13.

Diplomatarium Islandicum. Íslenzkt fornbréfasafn. 9. bindi. 1262-1536. Hið íslenska bókmenntafélag, Reykjavík, 1909-13.

Diplomatarium Islandicum. Íslenzkt fornbréfasafn. 12. bindi. 1200-1554. Hið íslenska bókmenntafélag, Reykjavík, 1923-32.

Gísli Gunnlaugsson. Tillaga að deiliskipulagi við Hlíðargötu á Þingeyri, Ísafjarðarbæ. Ísafirði, 2007.

Gísla saga Súrssonar. Íslendingasögur. 5. bindi. Guðni Jónsson bjó til prentunar. Íslendingasagnaútgáfan. Reykjavík, 1946.

Jón J.Aðils. *Einokunarverzlun Dana á Íslandi 1602-1787.* Útgefandi: Verzlunarráð Íslands. Reykjavík. 1919.

J. Johnsen. *Jarðatal á Íslandi, með brauðalýsingum, fólkstölu í hreppum og prestaköllum, ágripi úr búnaðartöflum 1835-1845, og skýrslum um sölu þjóðjarða á landinu.* Kaupmannahöfn, 1847

Kálund, P.E. Kristian. *Íslenskir sögustaðir. 1.-4. bindi.* Haraldur Matthíasson þýddi. Örn og Örlygur. 1984-6.

Kjartan Ólafsson. *Vestfjarðarit I. Firðir og fólk. 900-1900. Vestur-Ísafjarðarsýsla.* Útgáfufélag Búnaðarsambands Vestfjarða. 1999.

Ólafur Olavius: *Ferðabók. Landshagir í norðvestur-, norður-, og norðaustursýslum Íslands 1775-1777, ásamt ritgerðum Ole Henckels um brennistein og brennisteinsnám og Christian Zieners um surtarbrand. I.* Steindór Steindórsson þýddi. Reykjavík, 1964.

Skrá um friðlýstar fornleifar. Fyrsta útgáfa. Fornleifanefnd. 1990.

Sóknarlýsingar Vestfjarða. 2. Ísafjarðar- og Strandasýslur. Samband vestfirzkra áttahagafélaga. Reykjavík, 1952.

Sturlunga saga. 2. bindi. Hrafn saga Sveinbjarnarsonar hins sérstaka. Örnólfur Thorsson, ritstj. Svart á hvítu. Reykjavík, 1988.

Þjóðminjalög nr. 107, 31. maí 2001.

Öldin sextánda. Minnisverð tíðindi 1551-1600. Jón Helgason tók saman. Forlagið Iðunn. Reykjavík, 1981.

Ö – Þingeyri. Guðmundur Friðgeir Magnússon. 1976.

Ö – Þingeyri. Ari Gíslason.

Munnlegar heimildir:

Þórir Örn Guðmundsson, Þingeyri.

Björn Björgvinsson, smiður, Breiðdalsvík.